

REGLUGERÐ

um laun skipaskoðunarmanna ríkisins.

1. gr.

Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á búnaði, vél og bol skips greiði sýslumenn eða bæjarfógetar f. h. ríkissjóðs laun svo sem hér segir til skipaskoðunarmanna, gegn reikningi þeirra:

Fyrir opinn bát	kr.	125
— — — með vél		200
— þilfarsskip minna en 15 rúml.		375
— — — 15 rúml. allt að 30 rúml. ...		450
— — — 30 — — — 50 — ...		561
— — — 50 — — — 100 — ...		720
— — — 100 — — — 200 — ...		1050
— — — 200 — — — 300 — ...		1200
— — — 300 — — — 400 — ...		1500

Þegar skipta þarf launum, skal það gert þannig, að fyrir búnaðarskoðun greiðist $\frac{1}{3}$ hluti, fyrir vélskoðun greiðist $\frac{1}{3}$ og fyrir bolskoðun greiðist $\frac{1}{3}$ hluti.

Hálf rúmllest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

Fyrir skoðun skipa, sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi og eru stærri en 400 rúml., skulu skipaskoðunarmönnum greiddar kr. 600, enda sé þá aðeins um búnaðarskoðun að ræða, en sé skipið óflokkað, ákveður skipaskoðunarstjóri greiðsluna hverju sinni.

2. gr.

Sérstök aukaskoðun.

Fyrir sérstaka aukaskoðun skal greiða samkvæmt reikningi skoðunarmanns. Sama gildir um eftirlit með viðgerðum og breytingum á skipum, sem framkvæmdar eru innanlands.

3. gr.

Eftirlit með nýsmíði.

Fyrir eftirlit með smíði tréskipa eða óflokkaðra stálskipa, sem smíðuð eru innanlands, skal greiða fjórföld laun samkvæmt 1. gr.

4. gr.

Hleðslumerkjaskoðun.

Fyrir skoðun og mælingu skips til ákvörðunar á hleðslumerkjum þess, skal skoðunarmanni greiddur $\frac{1}{3}$ hluti launanna samkvæmt 1. gr.

5. gr.

Eimkatlar.

Fyrir skoðun á eimkötllum greiðist sem hér segir:

Vél skipsins undir 400 hö.	kr.	500
— — — 400—800 hö.		600
— — — yfir 800 hö.		800

Séu tveir katlar eða fleiri í sama skipi, skal greiða hálf laun fyrir síðari katlana, séu þeir skoðaðir í sömu ferð skoðunarmannsins, annars full laun.

6. gr.

Ferðaskostnaður o. fl.

Nú er skoðunarmaður kvaddur til að skoða skip, en ekki hægt að framkvæma skoðun af ástæðum, sem eru honum óviðkomandi, skal þá útgerðarmaður bæta honum vinnutap og ferðakostnað, ef einhver er.

Annars fá skoðunarmenn ferðakostnað sinn endurgreiddan eftir reikningi, er skipaskoðunarstjóri samþykkir.

Ríkissjóður greiðir þennan kostnað.

7. gr.

Reikningar.

Skipaskoðunarmenn skrifi reikninga fyrir störf sín í fjórriti í þar til gerðar bækur. Laun samkvæmt 1. gr., skulu sýslumenn og bæjarfógetar greiða gegn reikningi í tvíriti, einnig skal Skipaskoðun ríkisins sent afrit af reikningunum.

Laun samkvæmt öðrum greinum reglugerðarinnar greiðir Skipaskoðun ríkisins gegn reikningi í þíriti.

Reglugerð þessi, um laun fyrir skoðun á skipum, sem framkvæmt er af hinum lögskipuðu skoðunarmönnum, sem ekki taka föst laun úr ríkissjóði, er hér með sett samkvæmt 55. gr. laga nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi felldar reglur nr. 6 15. janúar 1960, um laun skipaskoðunarmanna ríkisins.

Samgöngumálaráðuneytið, 21. maí 1964.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ**um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.**

1. gr.

Frá og með 1. janúar 1964 skal greiða sérstakt innflutningsgjald af benzíni (benzínjald), og skal gjaldið nema kr. 2.77 af hverjum lítra.

Af benzínbirgðum, sem til eru í landinu nefndan dag, skal greiða samanlagt jafnhátt gjald, hvort heldur benzínið er í vörzlu eiganda eða ekki. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Hver sá, sem hefur umráð yfir 300 lítrum af benzíni eða meiru hinn 1. janúar 1964, skal skyldur til að tilkynna það innheimtumanni fyrir 10. s. m. Skal hann og skyldur að aðstoða við að kanna birgðir sínar og mæla, ef til kemur.

Innheimtumadur getur krafizt upplýsinga hjá benzíninnflytjendum og benzín-sölum um sölu samkvæmt verzlunarbókum til viðskiptamanna, áður en vegalög nr. 71/1963 gengu í gildi.